



Skrifstofa borgarstjóra
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 26. ágúst 2020

Efni: Vistun barna í leikskólum borgarinnar

Fram hefur komið í fjölmiðlum að nokkur fjöldi barna sem búsett eru í Reykjavíkurborg eigi á hættu að fá ekki boðaða vist í leikskóla vegna vanskila foreldra við sveitarfélagið. Þá hefur sömuleiðis komið fram að dæmi séu um að foreldrar hafi fengið tilkynningar um uppsögn á vistunarsamningi við leikskóla af sömu ástæðum.

Samkvæmt leikskólalögum, nr. 90/2008, er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er meginmarkmið leikskólastarfs að hlúa að börnum í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börn fái notið bernsku sinnar. Barn sem fær ekki vistun í leikskóla verður af menntun, félagslegum samskiptum og þroska. Þá er ljóst að barn sem missir vistun í leikskóla mun upplifa tengslarof og höfnun með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir lífsgæði þess og þroska.

Ákvörðun sveitarfélags um að synja foreldrum í erfiðri stöðu um vistun fyrir barn í leikskóla er eingöngu til þess fallin að auka á erfiðleika viðkomandi heimilis með því að gera foreldrum síður kleift að stunda vinnu utan heimilis og framfæra börn sín. Þannig minnka sömuleiðis líkurnar á því að skuldir foreldra við viðkomandi sveitarfélag verði greiddar.

Hlúa þarf sérstaklega að börnum sem búa við fátækt á heimili sínu því það felur ekki eingöngu í sér skort á veraldlegum gæðum heldur sömuleiðis að búa við skert tækifæri, mikið óöryggi og streitu. Börn í þeirri stöðu þurfa því sérstaklega á þeim stuðningi að halda sem leikskólar geta veitt og eiga að veita.

Sú staða sem nú er uppi í íslensku samfélagi mun vafalaust hafa alvarleg áhrif á mörg börn og líklegt er að foreldrum í vanskilum fjölgi. Því þarf að leita nýrra leiða til að tryggja börnum þá nauðsynlegu þjónustu sem þau eiga rétt á og foreldrum í erfiðleikum stuðning og ráðgjöf.

Samkvæmt 3. grein Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skulu allar ákvarðanir yfirvalda er varða börn byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Þá kemur sömuleiðis fram í 28. gr. Barnasáttmálans að viðurkenna eigi rétt barna til menntunar þannig að allir njóti sömu tækifæra.

Með vísan til alls framangreinds skorar umboðsmaður barna á Reykjavíkurborg að taka verklag borgarinnar í umræddum málum til endurskoðunar þannig að tryggt sé að börn fái í öllum tilvikum, óháð aðstæðum foreldra þeirra, notið réttar síns til framfærslu, menntunar og þroska.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna